

Nd.

807. Frumvarp til laga

um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 673 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Þegar lokið er undirbúningi landsins til ræktunar og byggðar, skal það leigt með erfðaleigu einstaklingum eða byggðarsélögum með skilmálum, sem nánar verða teknir fram í reglugerð. Leigan skal miðuð við þá kosti, sem landið býður til búskapar og afkomu. Nýbýlastjórn skal, ef óskir koma fram um það, semja við búnaðarsambönd, stjórnir félaga, er hafa sett sér jarðræktarsamþykktir, eða bæjar- og sveitarfélög um að taka að sér frumræktun lands fyrir ákveðið gjald. Þau bæjar- og sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, skulu þó tryggja nægilegt fé til framkvæmdanna, að svo miklu leyti sem væntanlegur jarðræktarstyrkur hrekkur ekki til eftir áætlun Búnaðarfélags Íslands.

11. gr. hljóðar svo:

Nýbýlastjórn skipar þriggja manna nefnd í hverri sýslu. Skulu 2 þeirra til nefndir á fulltrúafundi hlutaðeigandi búnaðarsambands, og skal þar hafa hlutfallskosningu um val þeirra, ef óskað er, en einn af nýbýlastjórn án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Skipun nefndarinnar gildir til 4 ára. Hlutverk hennar er að vera nýbýlastjórn og landnámsstjórn til aðstoðar og ráðuneytis innan sýslu um val á landi til nýbýla og undirbúning að þeim framkvæmdum, sem ráðgerðar eru samkvæmt lögum þessum. Einnig að hafa eftirlit með því, að fylgt sé ákvæðum og fyrirmælum laga og reglugerða, sem um þessi mál fjalla. Þá skal nefndin vera til aðstoðar og ráðuneytis þeim mönnum, er óska að reisa nýbýli eða ganga í byggðafélag, og þeim bændum, sem eigi fá aðstoð til bygginga samkvæmt ákvæðum laga þessara.

17. gr. hljóðar svo:

Lán þau, er sjóðurinn veitir, skulu greidd með jöfnum árlegum greiðslum, og skulu þær árlegu greiðslur við það miðast, að vextir af lánsfénu séu 2%. Skal stjórn sjóðsins ákveða um hvert lán, til hve langt tíma það er veitt, og skal þá meðal annars á það litið, hve vandaðar byggingar þær eru, sem fyrir lánsféð eru reistar. Lánin skulu þó aldrei veitt til lengri tíma en 42 ára.

19. gr. hljóðar svo:

Þegar lán eru komin í gjalddaga, hefur Byggingarsjóður heimild til þess að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja sjóðnum það út til eignar, ef þörf er á.

Byggingarsjóður getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.